



Forsætisnefnd

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um skipan í hverfisráð

Á fundi forsætisnefndar þann 14. júní 2019 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um skipan í hverfisráð

1. Hvenær og hvernig á að skipa fulltrúa í ný íbúaráð úr íbúasamtökum hverfanna? 2. Hvenær og hvernig á að skipa fulltrúa úr foreldrafélögum hverfanna? 3. Hvenær og hvernig á að skipa fulltrúa með slembivali? 4. Hver er kostnaðurinn við þessar kosningar? 5. Hvað er áætlað að starfsmaðurinn sem á að ráða til að vinna fyrir íbúaráðin kosti á ársgrundvelli?

Meðfylgjandi er svohljóðandi svar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu við fyrirspurninni:

1. Óskað var eftir gögnum um starfshæfi frá íbúasamtökum í sumar s.l. Óskað var eftir tilnefningum í byrjun september og eru þær að berast. Gert er ráð fyrir að fundað verði með fulltrúum íbúasamtaka í þeim hverfum þar sem eru fleiri en ein íbúasamtök eru starfandi og ekki hefur náðst samstaða um fulltrúa. Gert er ráð fyrir að skipun liggja fyrir þann 1. október n.k.
2. Óskað var eftir gögnum um starfshæfi frá foreldrafélögum í sumar s.l. Óskað var eftir tilnefningum í byrjun september og eru þær að berast. Gert er ráð fyrir að fundað verði með fulltrúum foreldrafélaga í þeim hverfum þar sem eru fleiri en ein foreldrafélög eru starfandi og ekki hefur náðst samstaða um fulltrúa. Gert er ráð fyrir að skipun liggja fyrir þann 1. október n.k.
3. Unnið hefur verið að því í sumar að undirbúa slembivalið. Óskað var eftir verðtilboðum í samvinnu við innkaupaskrifstofu og liggur niðurstaða þess fyrir. Kynningarefni hefur verið unnið vegna slembivals. Einnig hefur mat á áhrifum á Persónuvernd vegna slembivalsins verið unnið í samstarfi við persónuverndarfulltrúa. Persónuverndarfulltrúi hefur fengið matið afhent og samþykkt vinnslu samkvæmt því. Gera má ráð fyrir að slembival fari fram í lok október n.k. samkvæmt tímaáætlun.
4. Ekki liggur fyrir heildarkostnaður vegna slembivalsins en nú standa yfir samningaviðræður vegna þess kerfis sem valið var. Tilboð lægst bjóðenda gengur út frá því að kostnaður við hönnun forrits til að framkvæma slembivalið sé kr. 513.000,- án vsk. Eftir að kerfið hefur verið afhent mun tilboðshafi hýsa lausnina og uppfæra eftir þörfum, en gert er ráð fyrir að kostnaður við hýsingu verði mánaðarlega um

15.301 kr. án vsk. Auk þessa má gera ráð fyrir kostnaði við þýðingar á efnum á ensku og pólsku, dreifibréf sem sent verður til kynningar á verkefnum til borgarbúa og auglýsingum í dagblöðum og samfélagsmiðlum. Ekki liggur fyrir hver kynningarkostnaður verður vegna verkefnisins.

5. Gert er ráð fyrir að starfsmaður íbúaráðanna kosti um kr. 10. milljónir á ársgrundvelli.

Með kveðju

Anna Kristinsdóttir
Mannréttindastjóri